

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 60/1916.

Þorvaldur Jónsson, Ólafur Davíðsson, Finnur Thordarson og Guðmundur Jónsson

gegn

bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar.

D ó m u r :

Áfrýjendurnir, Þorvaldur Jónsson præp. hon., Ólafur Davíðsson verzlunarstjóri, Finnur Thordarson konsúll og Guðmundur Jónsson bankagjaldkeri höfðu mála þetta fyrir aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn bæjarstjórn og skólanefnd kaupstaðarins, til þess að fá með dómi viðurkendan rétt þeirra til að sitja og starfa í skólanefnd Ísafjarðar, uns liðin væru 3 ár frá 31. jan. 1915, er þeir voru kosnir í nefndina og hina starfandi skólanefndarmenn, að undanteknum Helga Sveinssyni, skyldaða til að vikja úr skólanefndinni. Var málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 30. sept. f. á., á þá leið að því var vísað frá dómi og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 7. okt. f. á., og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi og málinu vísað heim til nýrrar dómsálagningar um efni þess,

og hinir stefndu dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar hafa hinsvegar gagnáfrýjað málinu og krafist þess, að málskostnaðarákvæði dómsins verði breytt þannig, að málskostnaðarkrafa þeirra fyrir undirrétti verði tekin til greina, en dómurinn verði að öðru leyti staðfestur. Svo krefjast stefndu og hæfilegs málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Með lögum nr. 50, 3. nóv. 1915 um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, er svo ákveðið í 1. gr., að hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, og í 3. gr. að bæjarfulltrúarnir skuli kosnir fullri tölu árið 1916. Samkvæmt þessu voru allir bæjarfulltrúar kaupstaðarins kosnir í janúarmánuði 1916, og voru á fyrsta fundi hinnar nýju bæjarstjórnar kosnar fastar nefndir í bæjarstjórninni, en ágreiningur varð um það, hvort einnig bæri að kjósa nýja skólanefnd. Var þeim ágreiningi skotið til stjórnarráðsins, og varð úrskurður þess í simskeyti til bæjarfógetans á Ísafirði á þessa leið: »Stjórnarráðið telur eftir atvikum réttast að ný skólanefnd verði nú kosin á Ísafirði; kemst þar með regla á kosningu skólanefndar samtímis bæjarstjórnarkosningunni þriðja hvert ár«. Samkvæmt þessu kaus svo bæjarstjórnin nýja skólanefnd fyrir kaupstaðinn 21. jan. og var einn af hinum fyrri nefndarmönnum, Helgi Sveinsson, endurkosinn, en hinir fjórir nefndarmennirnir, áfrýjendur þessa máls, ekki. Þeir hafa nú ekki viljað una úrskurði stjórnarráðsins, en telja með honum rétt sinn fyrir

Uborð borinn, þar sem kjörtími þeirra, er byrjaði 31. jan. 1915, sé samkvæmt 27. gr. laga nr. 59, 22. nóv. 1907 um fræðslu barna eigi á enda fyr en að jafn- lengd 1918.

Hinir stefndu halda því fram, að mál þetta eigi ekki að sæta úrlausn dómstólanna, en beri undir stjórnarvöldin og sé óskorað innan valdsviðs þeirra. Taka þeir fram, að sveitar- og bæjarstjórnarlöggjöf- in feli stjórnarvöldunum fullnaðarúrskurð á öllum ágreiningsmálum um kosningar til sveitar- og bæjar- stjórna, þar á meðal um rétt og skyldu til að sitja í eða víkja úr hreppsnefnd og bæjarstjórn, og sama sé og um það, hvenær kjörtíma sveitarstjórnarvalda eigi að teljast lokið, og nýjar kosningar fram fara. Um skólanefndina verði sama að gilda, enda sé hún ein af föstum nefndum bæjarstjórnarinnar.

Það verður nú í öllu verulegu að fallast á það, sem hinir stefndu hafa tekið fram. Þó að skólanefnd sé sjálfstæð nefnd, óháð bæjarstjórn að öðru en því, er til fjárveitingar kemur, og verður því eigi lögð að jöfnu við fastar nefndir í bæjarstjórninni, þá verður eigi talin heimild til að hafa aðra meðferð eða fylgja annari reglu um hana í því efni, sem hér er um að ræða, heldur en um önnur sveitarstjórnar- völd, enda er eigi í fræðslulögunum 22. nóv. 1907 neitt ákvæði í gagnstæða átt, að því er til fræðslu- nefnda og skólanefnda kemur, og um þrætuefnið í þessu máli má sérstaklega taka það fram, að eftir eðli málsins virðist það bera undir stjórnarvöldin að meta hvort hagkvæmt hafi verið eða nauðsynlegt að kjósa nýja skólanefnd á Ísafirði 1916 til þess, eins

og segir í úrskurði stjórnarráðsins, að koma reglu á kosningu skólanefndar samtímis bæjarstjórnarkosningunni.

Samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, ber að taka kröfu hinna stefndu til greina og vísa máli þessu frá dómi, og með því að eigi þykir næg ástæða til að breyta málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins ber þannig að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykja áfrýjendur eiga að greiða hinum stefndu, einn fyrir alla og allir fyrir einn, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Þorvaldur Jónsson, Ólafur Davíðsson, Finnur Thordarson og Guðmundur Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 20/1917.

Valdsstjórnin
gegn

Halldóri Stefánssyni.